

Nd.

475. Nefndarálit

[83. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 10 frá 29. marz 1961, um Seðlabanka Íslands.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur rætt frv., en ekki orðið sammála um afgreiðslu þess, og mun minni hl. nefndarinnar (EÁ og SkG) skila séráliti.

Bönkum í Reykjavík, svo og Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis, var sent frv. til umsagnar. Svör hafa borizt frá Seðlabanka Íslands, sem er frv. meðmæltur, svo og frá Verzlunarbanka Íslands og Iðnaðarbanka Íslands, en þeir mæla báðir gegn samþykkt þess.

1. gr. þessa frumvarps kveður á um heimild til bindingar hluta sparifjár innlánsstofnana í Seðlabankanum, svo og á hvern hátt því fé skuli ráðstafað.

Með lögum nr. 33 1957, um breyting á lögum um Landsbanka Íslands, var Seðlabankanum heimilað að ákveða, að bankar og sparisjóðir skyldu eiga innstæður í bankanum á bundnum reikningi, og skyldi reglugerð sett um framkvæmdina.

Í lögum um Seðlabanka Íslands, nr. 10 frá 1961, var þessari heimild haldið, en hún þá látin ná til allra innlánsstofnana. Jafnframt var ákveðið í lögumum, að hámarkið skyldi vera 15% af sparisjóðsinnstæðum og 20% af innstæðum, sem ávísá má með tékka.

Með því frv., sem hér liggur fyrir, er lagt til að hækka fyrrgreint hámark í 25% af öllum innstæðum.

Ákvæði þetta var algert nýmæli í lögum nr. 33 1957. Í greinargerð fyrir því frv., er þá var lagt fram, var sagt, að slík binding gæti verið svo þýðingarmikill þáttur í þróun peningamála landsins, að nauðsynlegt væri, að stjórn Seðlabankans hefði heimild til slíkrar bindingar.

Hér var vissulega rétt athugað, því að á árinu 1960 var talið nauðsynlegt að beita þessu ákvæði og peningastofnanirnar skyldaðar til þess að eiga hinn lög-ákveðna hluta af innstæðum sínum á bundnum reikningi í Seðlabankanum. Þessi ráðstöfun hefur haft mikilvæg áhrif við myndun gjaldeyrisvarasjóðs, svo og auðveldað Seðlabankanum endurkaup á afurðavíxlum án þess að auka um of seðlaveltuna.

Þar sem endurkaup Seðlabankans á afurðavíxlum hafa orðið veigamikill þáttur í útlánastarfsemi hans, svo og síauknar kröfur bornar fram um aukin endurkaup á afurðavíxlum, er eðlilegt, að í lögum sé sett ákvæði um megingiltgang innlánsbindingarinnar, svo og aukin heimildin til bindingar innstæðufjár úr 15% og 20% í 25%.

Í 2. gr. frv. er nýtt ákvæði, þar sem Seðlabanka Íslands er veitt heimild til þess að gefa út verðbréf innanlands með ákvæði þess efnis, að höfuðstóll og vextir séu bundnir gengi erlends gjaldeyris.

Er hér um nauðsynlegt heimildarákvæði að ræða, sem rétt er að Seðlabankinn hafi og geti gripið til í samráði við ríkisstjórnina, ef talin er ástæða til.

Efnahagsráðstafanirnar 1960 báru tilætlaðan árangur. Sparifjárukningin hefur verið mjög mikil. Heildarinnstæður landsmanna í bönkum og sparisjóðum voru 31/12 1959 2646 millj. kr., en 31/12 1963 5365 millj. kr., eða aukning rúml. 100%.

Vonandi heldur þessi þróun áfram. En þar sem nokkuð hefur dregið úr hinni hröðu aukningu sparifjár síðustu mánuði, þykir rétt að hafa möguleika til þess að bregðast við þeim vanda, sem að kann að steðja í þessum efnum.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til, að frumv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 16. apríl 1964.

Davíð Ólafsson,
form.

Sigurður Ingimundarson,
fundaskr.

Matthías Á. Mathiesen,
frsm.